

## Enn um kynröskun. Andsvar við yfirlýsingum – birtist í Vísi 18. ágúst 2020

Þann 11. ágúst sl. birti Vísi örstutta hungurvöku mína um kynvanda eða kynama (gender dysphoria) barna og ungmenna, stúlkna sérstaklega. Fyrirsögnin er sótt til nýútkominnar bókar eftir vandvirkan blaðamann frá Norður-Ameríku, Abigail Shrier, „Óafturkræft tjón: Dætur okkar eru dregnar á talar í kynskiptabryjalæði,“ (Irreversible damage: The transgender Craze Seducing Our Daughters). Hún kallar fyrirbærið „tímabundna móðursýki.“

Í upphafi er greint frá nokkrum frumatriðum kynfræðinnar. Elsa Bára Traustadóttir, sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði, og Óttar Guðmundsson, geðlæknir, tjá sig í skjóli kynskiptateymis Landsspítala: „Þessi grein er uppfull af rangfærslum, fordómum og vanþekkingu og væri of langt mál að tíunda það nákvæmlega.... Það er fáséð að sálfræðingur gerist sekur um svo grófar rangfærslur og vanþekkingu sem hér um ræðir. Það er alvarlegast við umrædda grein að hún er á margan hátt særandi, niðrandi og beinlínis skaðleg þar sem höfundur gerir lítið úr raunverulegum þjáningum trans fólks sem margt hvert glímir við tilfinningalegan og félagslegan vanda vegna kynvitundar sinnar.“ (DV 13-08) Tja! Þarna fuðraði upp fjórtíu ára reynsla af málaflokknum í þrem þjóðríkjum, þar af tvö á rótgróinni og sérhæfðri stofnun um téðan vanda með sérstakri ábyrgð á sálfræðilegum prófunum.

Þetta heiðursfólk kýs að upphefja sjálft sig með því að lítilsvirða mig. Það mætti hugsanlega skilja í ljósi þess, að teymið er ungt, blautt á bak við eyrun. Það er því miður í ölduróti m.a. vegna þess, að það fær ekki hæfa starfsmenn: „Við höfum bara ekki fólk sem skýrist meðal annars af því að Landspítali er orðinn láglaunasvæði. Við fáum ekki fólk og það sem er hér fer annað vegna launanna,“ segir Guðrún B. Guðmundsdóttir, yfirlæknir BUGL. (Vísir 07-02)

Stjórn og síðanefnd Sálfræðingafélags Íslands (SÍ) finna einnig ástæðu til að snupra mig: „Sálfræðingafélag Íslands leggur áherslu á að borin sé virðing gagnvart öllu fólki óháð kyni, kynvitund, kynhneigð eða skoðunum. Allir eiga rétt á virðingu og jafnrétti.“ (Ætli það eigi við mig líka?) SÍ klykkir út með: Sálfræðingafélag Íslands fagnar fjölbreytileikanum og sendir baráttukveðjur til hinsegin fólks með von um að landsmenn allir opni huga sinn og hjarta fyrir fjölbreytileikanum.“ Það taka vonandi allir undir. SÍ er fremur hógvært að þessu sinni, hefur vonandi lært af þeirri smánarlegu reynslu að taka þátt í aðför og fordæmingu starfsbróður úr stétt sállæknanda fyrir nokkrum áratugum síðan. Það er vel.

Rúsínan í pylsuendanum eru viðbrögð félags, sem kallar sig „Trans“ Ísland (TÍ) (DV 12-08). Forkólfur þess, Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, krabbar. Hún er ámóta yfirlýsingaglöð og Óttar og Elsa Bára, segir mig fara með „miklar dylgjur og rangfærslur“ og að ég styðjist við „úreltar kenningar sem nútíma sálfræði og geðlækningar hafi hafnað.“ Áfram heldur Uglya Stefanía: „[E]n í grein hans er trans fólk er ranglega sagt vera með raskanir og brenglanir og vísar Arnar í ICD-sjúkdómsflokkunarkerfið sér til stuðnings.“ Það er rangt. Greiningarkerfið er nefnt lesendum til fróðleiks. Það er krafa stjórnvalda, að kerfið sé notað í heilbrigðisþjónustunni. Þar fá allir sjúkdómsgreiningu. Reyndar er það notað miklu víðar eins og í skólakerfinu. Það er réttilega gagnrýnt, að útgáfa alþjóðasjúkdómaskrárinnar (ICD –International Classification of Diseases) sé ekki nefnd. Bæti úr því hér með. Um er að ræða „ICD-10,“nánar tiltekið greiningarauðkennin F64.9 og F66.0.

Uglya Stefanía gerir athugasemd við, að ég skuli nefna óþurftarorðið „cisgender.“ Það kom inn umræðuna fyrir um einum og hálfum áratugi síðan eða svo – í Þýkalandi, muni ég rétt. Nú orðið virðist „cisgender,“ fyrst og fremst vísa til fólks, sem telur kynvitund í samræmi við eðliskyn, en ekki nauðsynlega í samræmi við hefðbundna kynhneigð. En sá undirhópur

kvenfrelisara, sem trúir, að ekki sé til eðliskyn, þ.e. heldur því fram, að kyn sé hugsmíð einvörðungu, þrátt fyrir meðfædda gerð kynfæra og aðrar kynferðir, hefur því skiljanlega bent á, að allir, sem finna til vansældar með eðliskyn sitt, séu „cisgender.“

Upplýst, siðvædd og málefnaleg umræða er af hinu góða, jafnvel þótt um viðkvæmt málefni sé. Því hefði ég fagnað því, að SÍ tæki þátt í slíkri umræðu, án kjánalegra umvandanna; að TÍ láti af andskotaleit sinni, hristi af sér fórnarlambsfjötra og samsæriskenningar, og taki þátt í umræðunni með það fyrir augum að skilja betur vanda kynskiptafólks og bæta líf þess; að kynskiptateymi Landsspítala geri lesendum grein fyrir kynfræðum sínum, ráðgjöf og lækningum, t.d. á grundvelli eftirfarandi tilvikalýsinga úr veruleikanum: Sextán ára piltur, sem óskar kynskipta, því hann sé Kleópatra endurfædd; tólf ára stúlkubarn, sem þjást hefur undan einelti „vinstúlkanna“ og vill því verða strákur; þrettán ára piltur af upplausnarheimili, sem býr með móður sinni. Sú álasar honum fyrir að líkjast föður sínum. Piltur vill verða stúlka.

Sömuleiðis væri áhugavert að sjá skýringar ofangreindra yfirlýsingahafa á ógnarlegri fjölgun barna og unglunga, sem vísað er til heilbrigðisþjónustunnar í kynskiptahugleiðingum - og foreldra þeirra vitaskuld.

Að síðustu bið ég lesendur að hafa í huga, að kynskipti skal aldrei leggja að jöfnu við fataskipti. Það hefur verið látið í veðri vaka.

Höfundur er ellilífeyrisþegi, sérfræðingur í klínískri sálfræði og sálgreiningu. Þýðingar eru hans.